

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, frístundabyggð í Eyjólfsstaðaskógi, Fljótshálsaþétti.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. nóvember 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að frístundabyggðarsvæði í landi Skógræktarfélag Austurlands í Eyjólfsstaðaskógi (A16) stækkar í 32,2 ha. Gert er ráð fyrir nýjum lóðum fyrir frístundahús og verða þá alls 52 frístundahúsalóðir á svæðinu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. nóvember 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2007